



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

3. FUNDUR Á VORÖNN 2019

FIMMTUDAGINN 7. FEBRÚAR KL. 12:30

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum

Umsókn vísað til kennslustjóra í íþróttum.

C. Önnur bréf:

Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði og stærðfræðitengdum áföngum.

- Vísað til skólameistara

Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs.

- Vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Árshátíðarundirbúningur á lokastigi og skemmtanaleyfi komið. NFFG mun kynna allt í tengslum við árshátíðina á opnum fundi í næstu viku. Framundan er líka LAN kvöld í skólanum og svo er Gettu betur keppnin í sjónvarpssal 15.02.

3. Önnur mál

Umræða um mötuneyti nemenda.

Fundinn sátu:

Anna Sigríður Brynjarsdóttir, fulltrúi kennara

Auður Sigurðardóttir, náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Viktor Freyr Ómarsson, fulltrúi NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Harpa Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Snjólaug E. Bjarnadóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Gunnur Elísa Þórisdóttir, fulltrúi NFFG